



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2019

## **Kvörtun yfir ólögmati nýtingu Ice-co Foods ehf. á atvinnuleyndarmálum**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi Boðtækni ehf. og Íslandsfisks Co. ehf. (hér eftir kvartendur), dags. 26. júní 2017, barst Neytendastofu kvörtun vegna hagnýtingar Ice-co Foods ehf. á atvinnuleyndarmálum Íslandsfisks.

Í bréfinu segir að kvartendur telji að fyrrverandi starfsmaður þeirra og núverandi starfsmaður Ice-co Foods hafi í starfi sínu fyrir kvartendur, sem og eftir starfslok, brotið með margvíslegum hætti gegn bæði ráðningarsamningi sínum við félagin sem og gegn lögum.

Starfsmaðurinn hafi undirritað ráðningarsamning við kvartendur þann 26. mars 2015. Kvartendur reki bæði félagin, Boðtækni og Íslandsfisk, og hafi hugmyndin verið að hann myndi vinna fyrir bæði félagin, á grundvelli eins ráðningarsamnings sem hafi verið gerður við Boðtækni. Starfsmaðurinn hafi svo unnið mun meira fyrir Íslandsfisk.

Kvartendur telji jafnframt ljóst að Ice-co Foods hafi brotið með alvarlegum hætti gegn lögum, annars vegar með hlutdeild í tilteknum brotum starfsmannsins og hins vegar með sjálfstæðum hætti. M.a. sé hér um að ræða brot gegn lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Kvartendur hafi undir höndum fjölda gagna, þ.á.m. tölvupósta, þar sem þetta sé staðfest og skuli hér tekin nokkur dæmi, án þess að um tæmandi lista sé að ræða.

Þann 24. mars 2017 sendi forsvarsmaður Varia Vis í Hollandi tölvupóst sem borist hafi til starfsmannsins á netfang hans, sem hann hafi fengið til að nota í störfum sínum fyrir Íslandsfisk. Í þessum tölvupósti falist forsvarsmaður Varia Vis eftir kaupum á fiski frá Íslandsfisk. Tölvupóstar gangi á milli forsvarsmanns Varia Vis og starfsmannsins þar sem nánar sé rætt um hin fyrirhuguðu viðskipti og óski forsvarsmaður Varia vis m.a. eftir að fá að hitta hann til að ræða nánari útfærslu viðskiptasambandsins, sem hann lýsi sem langtímaviðskiptasambandi. Að lokum fari þó svo að starfsmaðurinn ákveði að svíkja kvartendur og tilkynni forsvarsmanni Varia vis að hann sé að skipta um vinnu og bjóði honum að stofna frekar til viðskiptasambands



við hinn nýja vinnuveitanda sinn, Ice-co Foods. Um þetta megi m.a. vísa til tölvupósts starfsmannsins, dags. 3. apríl 2017, en þar komi fram að hann muni fljótlega hefja störf fyrir Ice-co Foods og nefnir mögulegt samstarf viðskiptavinarins við Ice-co Foods.

Í framhaldi af þessu megi sjá að forsvarsmaður Varia vis og starfsmaðurinn mæli sér mót á alþjóðlegu fiskiráðstefnunni í Brussel, en starfsmaðurinn segist síðan hafa sent starfsmönnum Ice-co Foods, sem muni vera á sýningunni, skilaboð og þau muni hafa samband við forsvarsmann Varia Vis til að setja upp fund í Brussel. Kvartendur hafi aldrei fengið að heyra af þessum viðskiptavin sem sannanlega hafi haft beint samband við Íslandsfisk en ekki Ice-co Foods. Starfsmaðurinn hafi haldið samskiptum sínum við forsvarsmann Varia vis algjörlega leyndum gagnvart kvartendum með það að markmiði að stela þessum viðskiptum og taka með sér til Ice-co Foods, sem hann og hafi gert. Ice-co Foods hafi svo tekið við þessum viðskiptavin inn í sitt fyrirtæki.

Þá skuli vikið að öðru dæmi um svíksamlega og ólögmæta háttsemi starfsmannsins og Ice-co Foods og sé hér um mun alvarlegri háttsemi að ræða en þá sem fjallað hafi verið um hér að framan. Íslandsfiskur hafi beinlínis verið stofnað í kringum tékkneska félagið Icelandic fish s.r.o. (Tékkarnir) og ætluðu Tékkarnir að afla viðskipta um alla Austur-Evrópu. Um þetta hafi starfsmanninum verið fullkunnugt enda snérist starf hans að miklu leyti um samskipti og viðskipti við Tékkana. Kvartendur hafi undir höndum mikinn fjölda tölvupósta milli starfsmannsins og starfsmanna Ice-co Foods. Í þessum tölvupóstum megi sjá svart á hvítu hvernig starfsmaðurinn og Ice-co Foods, leggi á ráðin um að stela þessum stærsta viðskiptafélaga Íslandsfisks. Að lokum hafi svo farið að þessi fyrirætlun heppnaðist og Tékkarnir fóru ásamt starfsmanninum yfir til Ice-co Foods. Um þetta megi m.a. vísa til tölvupósts, dags. 10. mars 2017, frá starfsmanninum til starfsmanns Ice-co Foods, en þar komi fram launakröfur starfsmannsins og vísi hann sérstaklega til þess að hann sé að taka með sér Tékkana sem hann sé búinn að vera vinna að í 12 mánuði.

Auk þessa hafi kvartendur undir höndum fjölda tölvupósta þar sem þetta sé útfært nánar og þar sem starfsmaðurinn og starfsmenn Ice-co Foods o.fl. aðilar, eigi samskipti beint við Tékkana í þeim tilgangi að stofna til viðskiptasambands við þá og höfðu að lokum erindi sem erfiði. Þetta sé enn alvarlegra en ella í ljós þess að kvartendur höfðu undirritað samning, dags. 11. ágúst 2016, við Tékkana, sem starfsmanninum hafi verið kunnugt um, þar sem því hafi verið lýst af hálfum beggja aðila að þeir myndu: „*work together exclusive in good faith to coordinate sales and marketing Icelandic Food products, fish and meet in Czech Republic within the scope of this agreement.*“

Þá liggi auk þess fyrir tölvupóstar frá starfsmanninum til starfsmanns Ice-co Foods þar sem að starfsmaðurinn sé beinlínis að leka verðum kvartenda beint til Ice-co Foods, sbr. m.a. tölvupóstur, dags. 10. mars 2017 (meðan hann hafi enn verið starfsmaður kvartenda), þar sem starfsmaðurinn gangi svo langt að senda starfsmanni Ice-co Foods, excel skjal með verðum Íslandsfisks í Tékklandi. Þá megi sjá fjölda tölvupósta milli starfsmanns Ice-co Foods og



starfsmannsins þar sem þeir séu að ræða það sín á milli hvernig Ice-co Foods kæmi best út úr því að bjóða Tékunum aðeins lægri verð heldur en Íslandsfiskur hafi verið með. Þannig hagnýtti Ice-co Foods sér beint atvinnuleyndarmál kvartenda með ólögmatum hætti.

Framangreind séu einungis dæmi en engan vegin tæmandi listi yfir þau svívirðilegu trúnaðar- og lögbrot sem starfsmaðurinn hafi viðhaft gagnvart kvartendum og sem Ice-co Foods hafi verið beinn þáttakandi í. Í öllum tilvikum snerust þessi brot um það að valda kvartendum sem mestu tjóni og að skapa Ice-co Foods sem mesta ólögmeta hagsmunum. Auk þessa virðist sem þetta hafi hvað starfsmanninn varði snúist um launahækkun sem hann hafi krafist í skiptum fyrir svikin.

Kvartendur telji að Ice-co Foods hafi með framangreindri háttsemi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Hér vísi kvartendur aðallega til 16. gr. c. laganna.

Samkvæmt þessu sé augljóst að bæði starfsmaðurinn og Ice-co Foods hafi brotið með alvarlegum hætti gegn framangreindu lagaákvæði. Félagið hafi m.a. hagnýtt sér verð Íslandsfisks og tekið beinan þátt í að stela viðskiptavinum félagsins. Þá hafi félagið nýtt sér allar þær upplýsingar sem starfsmaðurinn veitti félaginu í því augnmiði að hagnast á kostnað Íslandsfisks.

Sé þess því krafist að Neytendastofa leggi stjórnvaldssekt á Ice-co Foods, sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Þá krefjist kvartendur þess að Neytendastofa grípi til aðgerða á grundvelli 2. mgr. 21. gr. b. laganna. Kvartendur leggi til að Neytendastofa leggi bann við öllum viðskiptum Ice-co Foods við tékkneska félagið Icelandic Fish S.R.O og að Neytendastofa ákvarði dagsektir við því að félagið fari ekki eftir banninu, sbr. 23. gr. laga nr. 57/2005.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi kvartenda var sent Ice-co Foods til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 10. júlí 2017. Svar barst með bréfi félagsins, dags. 18. ágúst 2017. Í bréfinu segir að áður en fjallað verði um efnisatriði kvörtunarinnar vilji Ice-co Foods benda á eftirfarandi atriði um aðild kvartenda að málinu.

Í kvörtun sé því haldið fram að starfsmaðurinn hafi undirritað ráðningarsamning við báða kvartendur þann 26. mars 2015. Hugmyndin hafi verið að hann ynni fyrir bæði félögin, á grundvelli eins ráðningarsamnings, sem hafi verið gerður við Boðtækni. Starfsmaðurinn hafi síðan unnið mun meira fyrir Íslandsfisk. Meint brot hans og Ice-co Foods lúti að hagnýtingu á atvinnuleyndarmálum, sem hann eigi að hafa haft aðgang að í starfi sínu fyrir Íslandsfisk, en ekki Boðtækni. Starfsmaðurinn haldi því hins vegar fram að hann hafi aldrei verið í nokkru starfssambandi við Íslandsfisk.



Ice-co Foods telji þennan óskýrleika um starfssamband hans og kvartenda leiða til þess að Neytendastofu beri að vísa málinu frá. Með kvörtun fylgdi undirritaður ráðningarsamningur starfsmannsins við Boðtækni. Samkvæmt 1. gr. hans hafi hann verið sölufulltrúi hjá félaginu, en því hafi verið heimilt að fela honum ný verkefni eða flytja milli deilda innan félagsins. Í 9. gr. samningsins sé kveðið á um trúnaðarskyldu hans gagnvart Boðtækni og skilyrðislausu þagnarskyldu um allt sem hann fái vitneskju um í starfi sínu varðandi viðskiptamenn félagsins, félagið sjálft o.s.frv. Samkvæmt þessu hafi hann verið starfsmaður Boðtækni og hafi félagið áskilið sér rétt til þess að flytja hann til milli deilda í því félagi og trúnaðarskylda hans verið við það. Kvörtun frá Boðtækni geti því aðeins talist tæk til meðferðar að hún lúti að atvinnuleyndarmálum þess félags, sem eftir tilgangsráðgjafi samþykktar fáist við rafverktakastarfsemi, innflutning, heild- og smásölu og þjónustu á rafbúnaði og tengdan rekstur. Af heimasíðu Boðtækni megi sjá að félagið sérhæfi sig í prentun og sölu límmiða til fyrirtækja og einstaklinga. Meint brot starfsmannsins tengist slíkri starfsemi, eða því sem Boðtækni fáist við, ekki á nokkurn hátt. Því sé ekki einu sinni haldið fram í kvörtun að Ice-co Foods hafi hagnýtt sér atvinnuleyndarmál Boðtækni. Þar með sé vandséð hvaða lögvörðu hagsmuni Boðtækni geti haft af úrlausn málsins.

Því sé sérstaklega mótmælt að ráðningarsamningur starfsmannsins við Boðtækni feli í sér að hann teljist hafa starfað fyrir bæði félögin. Ráðningarsamningurinn kveði ekki á um slíka skipan mála. Þá séu engin gögn lögð fram sem sýni fram á að hann hafi samþykkt slíkt fyrirkomulag, að hann hafi þegið laun frá Íslandsfiski eða nokkuð annað sem gefi til kynna að hann geti hafa verið starfsmaður félagsins. Samkvæmt upplýsingum Ice-co Foods hafi starfsmaðurinn eingöngu fengið greidd laun frá Boðtækni, enda hafi ráðningarsambandið einvörðungu verið við það félag. Kvartendur hljóti að bera sönnunarbyrði fyrir því að ráðningarsamband hafi verið á milli hans og Íslandsfisks, en eigi ekki að hagnast á óskýrleika í þessum efnun. Það sé hlutverk atvinnurekanda að ganga frá ráðningarsamningi við starfsmenn. Ice-co Foods fái því ekki séð að Íslandsfiskur geti átt aðild að þessu máli.

Samkvæmt þessu telji Ice-co Foods að vísa beri málinu frá Neytendastofu, enda hafi hvorugur kvartandi lögvarða hagsmuni af úrlausn þess.

Komi til efnislegrar meðferðar málsins hafni Ice-co Foods því að hafa brotið gegn lögnum. Staðhæfingum um annað sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Eins og málið horfi við félaginu virðist kvörtunin vera til komin vegna ósættis kvartenda við starfslok starfsmannsins og meintan missi tilvonandi og þáverandi viðskiptavina. Sá ágreiningur sé Ice-co Foods óviðkomandi.

Ice-co Foods hafi leitað starfsmanns til þess að sinna viðskiptavinum í Bretlandi og mælt hafi verið með starfsmanninum. Félagið taldi, réttilega, að hann ynni hjá fyrirtæki í alls óskyldri



starfsemi. Vitneskja starfsmannsins um atvinnuleyndarmál úr fyrra starfi gat því illa verið ákvörðunarástæða fyrir ráðningu hans, svo sem látið sé liggja að í kvörtun.

Starfsmaðurinn hafi sagt upp starfi sínu þann 15. mars 2017 og óskaði eftir að láta samstundis af störfum. Hann hafi hafið störf hjá Ice-co Foods þann 1. apríl 2017.

Í kvörtun sé Ice-co Foods talið hafa brotið gegn 4. mgr. 16. gr. c. laganna með eftirfarandi hætti:

Í fyrsta lagi með því að taka við viðskiptum Varia Vis í Hollandi, sem hafi leitað til Íslandsfisks. um samstarf. Í öðru lagi með því að hafa lagt á ráðin með starfsmanninum hvernig væri hægt að fá tékkneskt félag, Icelandic fish S.R.O yfir í viðskipti til Ice-co Foods. Í þriðja lagi með því að hagnýta sér upplýsingar um verð Íslandsfisks, sem starfsmaðurinn hafi lekið til Ice-co Foods.

Forsenda þess að Ice-co Foods geti talist hafa brotið gegn 4. mgr. 16. gr. c. sé að hann hafi fært sér í nyt atvinnuleyndarmál, sem hafi verið aflað með hætti sem brjóti gegn 1.-3. mgr. ákvæðisins. Þannig verði fyrst að meta hvort umræddar upplýsingar teljist til atvinnuleyndarmála í skilningi laganna, síðan hvort þeirra hafi verið aflað í andstöðu við 1.-3. mgr. 16. gr. c. og loks verði Ice-co Foods að hafa fært sér þær í nyt.

Ice-co Foods telji umræddar upplýsingar ekki fela í sér nokkur atvinnuleyndarmál í skilningi laganna, en af framkvæmd dómstóla og stjórnvalda megi ráða að úr því þurfi að leysa í hverju og einu tilviki hvort deilan lúti að atvinnuleyndarmáli. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 5. júní 2008 í máli nr. 334/2007 taldi rétturinn að við það mat bæri m.a. að líta til þess hversu almenns eðlis viðkomandi upplýsingar væru, á hve margra vitorði þær væru og hversu auðvelt væri fyrir utanaðkomandi mann að afla sér þeirra.

Svo virðist sem kvartendur telji tilvist þessara tveggja tilgreindu viðskiptavina til atvinnuleyndarmála. Í kvörtun sé látið sem viðskiptasambönd, nöfn einstakra fiskkaupenda og tengiliða þeirra séu trúnaðarmál og að viðskipti séu bundin við einn framleiðanda á Íslandi hverju sinni. Því sé mótmælt. Ice-co Foods hafi fengist við útflutning á íslenskum fiski frá árinu 1994 og hafi því mikla reynslu af samskiptum við viðskiptavini. Félaginu berist á ári hverju hundruð fyrirspurna erlendis frá, þar sem leitað sé viðskipta án þess að nokkuð verði úr. Það sé alþekkt að slíkum fyrirspurnum sé beint að fjölda viðtakenda og leitað tilboða, sem eðlilegt sé. Fyrirspurnir líkt og frá Varia Vis í Hollandi, séu því daglegt brauð og afar algengt að ekkert verði úr. Viðskiptasambönd séu auk þess hverful. Viðskiptavinir rói á önnur mið, ef t.d. betri kjör séu í boði. Í þessu sambandi bendi Ice-co Foods einnig á að sjómannaverkfallið í byrjun ársins 2017 hafi haft gífurleg áhrif. Félagið hafi misst stóra viðskipavini í kjölfarið, sem hafi ekki skilað sér til baka. Þá séu sjávarútvegssýningar haldnar tvisvar sinnum á ári, annars vegar í Brussel og hins vegar í Boston. Þangað mæti allir íslenskir framleiðendur sem eitthvað kveði að og erlendir kaupendur, sem skiptist á upplýsingum og tengiliðum. Gera megi ráð fyrir því að íslenskir útflytjendur á fiski hafi að stórum hluta sömu tengiliði hjá sömu erlendu fyrirtækjunum.



Verði talið að tilvist hugsanlegs viðskiptavinar Íslandsfisks, þ.e. Varia Vis í Hollandi, teljist atvinnuleyndarmál, hagnýtti Ice-co Foods sér aldrei þær upplýsingar. Félagið hafi aldrei haft samband við starfsmann Varia, forsvarsmann félagsins og hafi raunar ekki munað eftir honum, nema vegna þessarar kvörtunar. Félagið taldi starfsmanninn hafa sent sér upplýsingarnar til þess að undirstrika að hann hefði reynslu og tengsl í geiranum og væri þar með ákjósanlegur í starfið sem ráða átti í. Þá áttu ekki nokkur viðskipti sér stað milli Ice-co Foods og Varia Vis. Ice-co Foods notfærði sér því engar upplýsingar í skilningi 4. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Fullyrðingum um annað sé mótmælt sem órökstuddum og ósönnuðum.

Hvað varði tékkneska félagið telji Ice-co Foods ekkert fram komið sem sýni að félagið hafi brotið gegn lögnum. Öll samskipti Ice-co Foods við starfsmanninn vegna þeirra voru í þeirri trú að það hafi hætt í viðskiptum við Íslandsfisk að eigin frumkvæði. Ice-co Foods telji meðfylgjandi tölvupóst forsvarsmanns tékkneska félagsins til Íslandsfisks til marks um að sá skilningur hans hafi verið réttur. Af póstinum megi ráða að umræddur viðskiptavinur hafi haft verulegar áhyggjur af stöðu sinni, þegar í ljós kom að starfsmaðurinn myndi láta af störfum. Íslandsfiskur hefði enga áætlun gert um framhald viðskiptanna eða komið á samskiptum milli nýs starfsmanns og félagsins. Þá megi ráð að einhver viðskipti hafi átt sér stað milli viðskiptavinarins og Íslandsfisks en ennfremur að þeim hafi fylgt veruleg vandamál. Einnig megi sjá að Íslandsfiskur hafi að mati félagsins ekki komið til móts við þarfir þess eða sýnt viðleitni í þá átt að bæta þjónustu sína. Af þeim sökum hafi félagið tilkynnt að ef ekki yrði úr bætt myndu þeir leita annað. Sérstaklega sé tiltekið að ekki sé nauðsynlegt að ljúka viðskiptasambandinu endanlega, heldur hafi kvartandi í hendi sér að bæta úr annmörkum. Í millitíðinni hafi þeir ákveðið að leita frekar til Ice-co Foods. Félagið hafi einfaldlega staðið sig betur en kvartandi. Ice-co Foods fái því ekki betur séð en að félagið hafi tekið sjálfstæða ákvörðun um að leita annað, af ástæðum sem varða kvartanda sjálfan.

Þá hafi starfsmaðurinn eins og áður segi verið ráðinn til þess að sinna kaupendum í Bretlandi. Tilvísun í tölvupósti hans til Ice-co Foods um að „*taka með sér tékkana*“ megi á engan hátt skilja sem svo að þau hafi verið forsenda ráðningar eða haft nokkuð með hana að gera. Skilningur Ice-co Foods hafi verið að starfsmaðurinn teldi það réttlæta hærri laun til sín. Í ljósi alls framangreinds geta viðskipti Ice-co Foods við félagið, ekki talist brot gegn 4. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

Við þetta megi bæta að engin gögn liggi fyrir í málinu um að Íslandsfiskur hafi krafist þess að upplýsingar um viðskiptavini eða verð teldust trúnaðarmál. Ekki sé hægt að heimfæra skyldur starfsmannsins skv. ráðningarsamningi hans við Boðtækni upp á annað félag. Þá telji Ice-co Foods upplýsingarnar ekki vera þess eðlis að þær hafi notið verndar þann tíma sem starfsmaðurinn gegndi störfum fyrir Boðtækni eða síðar.

Að lokum telji kvartendur að upplýsingar um verð á fiski til erlendra kaupanda teljist til atvinnuleyndarmála. Enginn rökstuðningur sé fyrir þeirri nálgun. Ice-co Foods sé þessu



algerlega ósammála, enda séu verðupplýsingar opinberar. Þær sé m.a. hægt að nálgast á heimasíðu Morgunblaðsins og Reiknistofu fiskmarkaða. Þar sé birt verð á ferskum fiski eins og það var daginn áður. Tekið sé fram að verð breytist daglega. Selji viðkomandi aðili þorskflök sé lítill vandi að átta sig á verði keppinauta. Grunurinn að verðmyndun sé verð á slægðum þorski. Þeir framleiðendur, sem ekki eigi kvóta, þurfi síðan að leggja við vinnslukostnað og flutningskostnað. Þar sem kostnaðaruppbygging aðila á markaðnum sé mjög áþekkt séu báðir kostnaðarliðirnir nokkuð þekktar stærðir. Þá eigi aðeins eftir að finna út hver framlegðin sé hjá hverjum aðila, en ekki sé mikið svigrúm í þeim efnunum. Í flestum tilvikum muni aðeins um 10-20 evrusentum á milli hvers seljanda fyrir sig, sem sé um 1-3% af endanlegu söluverði vöru.

Ice-co Foods telji með vísan til eðli markaðarins og viðskipta á honum að nöfn einstakra viðskiptamanna geti aldrei talist trúnaðarmál. Þá sé verði á markaðnum miðlað með opinberum hætti. Því hafi Ice-co Foods hvorki átt hlutdeild í brotum starfsmannsins né brotið með sjálfstæðum hætti gegn 4. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Félagið hafi hvorki hvatt til né óskað eftir slíkum upplýsingum, heldur virðist starfsmaðurinn hafa komið þeim á framfæri í því skyni að bæta samningsstöðu sína vegna launaviðræðna. Þá sé alls ósannað að Ice-co Foods hafi hagnýtt sér upplýsingarnar, sem sé skilyrði fyrir því að hann geti talist brotlegur við ákvæði laga nr. 57/2005.

Kvartendur krefjist þess að stjórnvaldssektir verði lagðar á Ice-co Foods, allt að 10 m.kr. Að auki sé þess krafist að Neytendastofa leggi bann við öllum viðskiptum félagsins við tékkneska félagið að viðlögðum dagsektum.

Með vísan til þess sem rakið sé að framan telji Ice-co Foods engan grundvöll vera fyrir slíkum viðurlögum. Boðtækni sé ekki í samkeppni við Ice-co Foods og geti háttsemin því ekki talist ólöglegt. Þá sé ekki um að ræða atvinnuleyndarmál í skilningi laganna, enda ekki sýnt fram á að Íslandsfiskur hafi krafist þess að starfsmaðurinn færi með þær sem trúnaðarmál og hann hafi enga ástæðu haft til þess að ætla að trúnað ætti að gilda um þær. Upplýsingarnar séu ekki þess eðlis að þær teljist slíkar. Verði svo talið sé ósannað að Ice-co Foods hafi hagnýtt sér þær.

Að lokum sé bent á að tölvupóstur sem vísað sé til í kvörtun, virðast ekki hafa verið prentaðir beint úr pósthforriti, heldur verið afritaðir og raðað upp í annað forrit áður. Séu þeir réttir að efni til blasir við að þeirra hafi verið aflað með ólöglegum hætti, enda sé meginþorri þeirra úr einkanetfangi fyrrum starfsmanns annars kvartanda. Vandséð sé hvernig slík meðferð geti samræmst ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd.

## 2.

Bréf Ice-co Foods var sent kvartendum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. ágúst 2017. Svar barst með bréfi kvartanda, dags. 1. september 2017. Í bréfinu segir að í bréfi Ice-co Foods sé í fyrsta lagi byggt á því að starfsmaðurinn hafi aldrei unnið fyrir Íslandsfisk og því beri að vísa kvörtuninni frá. Þá sé þessi málsástæða notuð til að réttlæta alla hina kvörtuðu háttsemi með vísan til þess að starfsmaðurinn hafi verið að starfa í allsendis óskyldri starfsemi



og ekki unnið neitt fyrir Íslandsfisk. Í hið minnsta hafi Ice-co Foods verið með öllu ókunnugt um að starfsmaðurinn starfaði við fisksölu. Gögn málsins sýni hins vegar fram á svo að ekki verði um villst að hann starfaði fyrir Íslandsfisk og Ice-co Foods hafi verið fullkomlega kunnugt um það. Hvað þetta varði nægi að vísa til nokkurra tölvupóstsamskipta starfsmannsins og starfsmanns Ice-co Foods. Hér sé einungis um nokkur dæmi að ræða enda ætti hverjum þeim sem les þau tölvupóstsamskipti sem fyrir liggja í málinu í heild að vera ljóst að þessi málalátillátur sé vægast sagt fráleitur.

Þann 10. mars 2017 hafi starfsmaðurinn skrifað til starfsmanns Ice-co Foods: „Ég er líka að taka með mér Tékkana sem ég er búinn að vera að vinna að í 12 mánuði.“ Ef hann hafi ekki unnið við fisksölu og starfaði ekki fyrir Íslandsfisk hvernig gæti hann þá hafa verið að vinna að Tékkunum í 12 mánuði? Augljóslega hafi hann verið þar að starfa við fisksölu fyrir Íslandsfisk.

Hið sama megi í raun segja um tölvupóstinn sem sendur hafi verið samdægurs, frá starfsmanninum til starfsmanns Ice-co Foods, þar sem hann sendi excel skjal með verðum Íslandsfisks á fiski ásamt skilaboðunum: „*Sæll. Hér eru verðin sem ég hef verið að vinna með í Tékklandi.*“ Hér eigi einnig sama við og að ofan. Það gefi því augaleið að Ice-co Foods hafi haft fulla vitneskju um þá staðreynd að starfsmaðurinn hafi verið að vinna við að selja fisk í Tékklandi fyrir Íslandsfisk.

Þann 20. mars 2017, einungis fimm dögum eftir að starfsmaðurinn hafi sagt upp starfi sínu hjá kvartendum, sendi hann tölvupóst til tiltekinna starfsmanna Ice-co Foods. Í þessum pósti lýsi hann því ítarlega hvernig hann sé búinn að vera að vinna fyrir Íslandsfisk undanfarna fimm mánuði við það að koma á margvíslegum viðskiptatengslum með fisk í gegnum Tékkana. Þá komi þar skýrt fram að hann ætli sér að stela þessum viðskiptum og taka með sér yfir til Ice-co Foods.

Auk alls þessa megi að lokum í dæmaskyni benda á samskiptin milli starfsmannsins og forsvarsmanns Varia Vis, sem lýst sé í kvörtun og liggja fyrir í málinu, dags. 3. apríl 2017. Þessi samskipti eigi sér öll stað í gegnum tölvupóstfang starfsmannsins hjá Íslandsfisk, auk þess sem logo og nafn Íslandsfisks sé að finna neðst í tölvupóstinum. Þá segi starfsmaðurinn í tölvupóstinum að hann sé að yfirgefa starf sitt fyrir Íslandsfisk og bjóði forsvarsmanni Varia Vis að koma með sér yfir til Ice-co, sem hann samþykki. Að lokum endi starfsmaðurinn svo á því að færa samskiptin af tölvupóstfangi sínu hjá Íslandsfiski og yfir á tölvupóstfang sitt hjá Ice-co Foods með því að hafa síðarnefnda tölvupóstfangið í cc.

Með vísan til alls þessa og tölvupóstsamskiptanna í heild, sem fyrir liggja í málinu, þá sé einfaldlega útilokað að halda því fram að starfsmaðurinn hafi ekki starfað fyrir Íslandsfisk eða að Ice-co Foods hafi ekki verið kunnugt um þá staðreynd. Beri því að hafna þessari málsástæðu félagsins.





Varðandi frávísunarkröfuna, sem fram komi í bréfi Ice-co til Neytendastofu og beint sé gegn Boðtækni ehf. sérstaklega, þá bendi kvartendur á að það að Íslandsfiskur hafi verið og sé ekki einungis systurfélag Boðtækni, heldur einnig viðskiptavinur Boðtækni. Samkvæmt ráðningarsamningi starfsmannsins hafi verið skýrlega óheimilt að veita allar upplýsingar sem hann kynni að komast yfir í starfi sínu og varði viðskiptamenn félagsins. Sé því ljóst að Boðtækni hafi jafnframt hagsmuna að gæta og hann hafi einnig brotið gegn því félagið. Ice-co Foods sé einnig þátttakandi í þeim brotum eins og nánar sé lýsti í kvörtun og hér að framan.

Með vísan til framangreinds beri að hafna öllum málsástæðum Ice-co Foods sem byggi á aðildarskortu. Munnlegir ráðningarsamningar og munnlegar breytingar á aðild að ráðningarsamningum séu jafngildar skriflegum í íslenskum rétti. Með vísan til gagna málsins sé hafið yfir allan vafa að starfsmaðurinn hafi starfað fyrir Íslandsfisk þrátt fyrir að formlega hafi hinn upphaflegi skriflegi ráðningarsamningur verið gerður við Boðtækni. Þetta hafi starfsmönnum Ice-co Foods verið fullkomlega kunnugt um eins og sjá megi af öllum þeim tölvupóstum sem fyrir liggi í málinu. Þá megi að auki benda á það að skv. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 sé óheimilt að nýta sér atvinnuleyndarmál eins og þau sem um sé deilt í þessu máli, algjörlega óháð ákvæðum um trúnaðarskyldu í ráðningarsamningum. Þar af leiðandi væri háttsemi Ice-co Foods jafn ólögleg þótt ekki væri fyrir að fara hinum skriflega ráðningarsamningi.

Þá byggi Ice-co á því að þær upplýsingar sem félagið hafi tekið við og hagnýtti sér verði ekki taldar til *atvinnuleyndarmála* í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Ekki sé hægt að fallast á þennan máltilbúnað Ice-co.

Hvað varði skilgreininguna á hugtakinu *atvinnuleyndarmál* í skilningi umrædds lagákvæðis megi vísa til greinargerðar með 27. gr. eldri samkeppnislaga nr. 8/1993, sem nú séu fallin úr gildi sbr. núgildandi samkeppnislög nr. 44/2005. Í greinargerð segi m.a. um ákvæðið, sem sé samhljóða 16. gr. c. laga nr. 57/2005:

*„Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál geta t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Athuga verður að viðskiptaleyndarmál geta aldrei öðlast vernd samkvæmt einkaleyfisrétti svo sem orðið getur um rekstrarleyndarmál þannig að þetta ákvæði er eina vernd þessa atriðis.“*

Með vísan til þess sé ljóst að þær upplýsingar sem Ice-co Foods hafi tekið við frá starfsmanninum og hagnýtt sér, falli hér undir. Um sé að ræða sérstaka þekkingu á langstærsta viðskiptavin Íslandsfisks (Tékkunum), tölfræðilegum upplýsingum um verð (sem notaðar hafi verið til að undirbjóða, sbr. nánar hér á eftir), sem og upplýsingum um það viðskiptanet sem búið hafi verið að setja á fót úti í Tékklandi og Ungverjalandi, með aðstoð Tékkana. Um þetta megi t.d. vísa til framangreinds tölvupósts starfsmannsins til starfsmanna Ice-co, frá 20. mars 2017.



Hvað varði skilgreiningu á hugtakinu *atvinnuleyndarmál* þá skuli ennfremur vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 98/2009, en þar hafi verið að vissu leyti uppi svipað álitafni og í því máli sem hér sé til úrlausnar, þ.e.a.s. að starfsmenn hafi hagnýtt sér upplýsingar um viðskiptavin vinnuveitanda síns í því skyni að ná honum með sér yfir til samkeppnisaðilans. M.a. hafi verið um að ræða upplýsingar um tilvist viðskiptasambandsins, tengiliði, verð o.s.frv., nákvæmlega eins í því máli sem hér sé til úrlausnar. Hafi verið talið að hagnýting slíkra upplýsinga fæli í sér brot á 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Um þetta segi m.a. í dómnum:

*„Fallist er á með áfrýjendum að sú háttsemi stefndu, sem starfsmanna Volta hf., að bindast samtökum við fyrirvarsmenn samkeppnisaðila og eins helsta viðskiptavinar félagsins og hagnýta sér atvinnuleyndarmál sem þeir höfðu aflað sér í starfi sínu í því skyni að ná til sín viðskiptum frá félaginu og efla með því stöðu samkeppnisaðilans Rafports ehf. hafi verið saknæmt brot á starfsskyldum þeirra. Stefndu voru sem fyrr segir í hópi lykilstarfsmanna Volta hf. Stefndi Hjörtur var sölu- og markaðsstjóri félagsins. Hann kvaðst í skýrslu sinni hafa haft aðgang að upplýsingum um daglegan rekstur þess, einkum að því leyti sem sneri að innkaupum á vörum og sölu þeirra, svo og upplýsingum um viðskiptamenn. Þá hefði hann meðal annars haft aðgang að öllum verð- og söluupplýsingum. Stefndi Hafsteinn Márannaðist meðal annars uppsetningu og stýringu á hússtjórnarkerfum, sem Volti hf. seldi. Hann hafði rafrænan aðgang að upplýsingum um verkefni á því sviði, sem voru í gangi og um stöðu þeirra. Telja verður sannað að báðir stefndu hafi skömmu fyrir starfslok sín hjá Volta hf. hagnýtt sér sérstakar upplýsingar sem þeir höfðu aðgang að vegna starfa sinna umfram aðra starfsmenn. Hagnýting atvinnuleyndarmála í þessu skyni fól í sér brot á 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, sbr. nú 2. og 3. mgr. 16. gr. c í lögnum. Var háttsemi stefndu samkvæmt framansögðu því saknæm og ólögmat og leiðir til skaðabótaábyrgðar þeirra á því tjóni sem sannanlega varð af henni.“*

Með vísan til alls þessa sé ljóst að upplýsingar þær sem starfsmaðurinn og Ice-co Foods hagnýttu sér, í þeim tilgangi að stela viðskiptavinum Íslandsfisks, verði undir öllum kringumstæðum taldar *atvinnuleyndarmál* í framangreindum skilningi.

Þá sé því haldið fram í bréfi Ice-co Foods að félagið hafi staðið í þeirri trú að Tékkarnir væru hættir viðskiptum við Íslandsfisk og í því sambandi vísað til tölvupósts sem látinn sé fylgja bréfinu, en umræddur tölvupóstur sé frá fyrirvarsmönnum Tékkana til fyrirvarsmanns Íslandsfisks. Í umræddum tölvupósti séu Tékkarnir í raun að tilkynna slit á viðskiptasambandinu við Íslandsfisk og að þeir muni í staðinn hefja viðskipti við Ice-co Foods. Þessi tölvupóstur hafi verið sendur þann 17. apríl 2017. Þá hafi verið liðinn rúmur mánuður frá því að starfsmaðurinn sagði starfi sínu lausu hjá Íslandsfisk og farið að vinna fyrir Ice-co Foods. Þá hafi einnig verið liðinn meira en mánuður frá því að starfsmenn Ice-co Foods og starfsmaðurinn hófu í sameiningu að grafa undan viðskiptasambandi Íslandsfisks við Tékkana og höfðu erindi sem erfiði löngu áður en umræddur póstur hafi verið sendur. Sé því með



ólíkendum að halda því fram að pósturinn frá 17. apríl 2017 eigi að hafa vakið þá trú hjá starfsmönnum Ice-co Foods að Tékkarnir væru hættir viðskiptum við Íslandsfisk.

Af tölvupóstsamskiptum starfsmannsins og starfsmanna Ice-co Foods sé augljóst að hinir síðarnefndu hafi haft fulla vitneskju um að um viðskiptastuld hafi verið að ræða. M.a. sé vísað til samskipta starfsmannsins og starfsmanna Ice-co Foods þar sem þau hafi rætt það sín á milli hvernig ætti að bjóða Tékkunum aðeins lægri verð en þeir höfðu fengið hjá Íslandsfiski til að tryggja að þeir kæmu yfir o.s.frv.

### 3.

Bréf kvartenda var sent Ice-co Foods til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. september 2017. Svar barst með bréfi Ice-co Foods, dags. 20. september 2017. Í bréfinu segir að í fyrsta lagi geri kvartendur athugasemdir við þá málsástæðu Ice-co Foods að starfsmaðurinn hafi aldrei unnið fyrir Íslandsfisk. Eins og málið horfi við Ice-co Foods sé skýrt að hann hafi starfað hjá Boðtækni, óháð því hver aðkoma hans hafi verið að starfsemi Íslandsfisks. Ekkert ráðningarsamband hafi verið þar á milli. Hann hafi því ekki borið neinar trúnaðarskyldur gagnvart Íslandsfiski, en að hans sögn hafi aðstoð við Íslandsfisk verið í hjáverkum. Honum hafi verið uppálagt af eigendum Boðtækni að hans starf væri hjá því, enda væri það félagið sem greiddi honum laun. Hann hafi ekki þegið laun frá Íslandsfiski, né önnur fríðindi. Sú staðreynd að hann hafi haft tölvupóstfang hjá fyrirtækinu hafi enga þýðingu í þessu sambandi.

Kvartendur telji ekki nauðsynlegt að starfsmaðurinn hafi undirgengist trúnaðarskyldur gagnvart Íslandsfiski á grundvelli sérstaks ráðningarsamnings, heldur bæri hann sömu skyldur skv. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Þessu mótmæli Ice-co Foods, enda gangi ákvæðið út frá því að viðkomandi upplýsinga eða atvinnuleyndarmála sé aflað „í starfi sínu fyrir annan“. Ice-co Foods telji það ekki í sínum verkhring að fjalla frekar um meint ráðningarsamband starfsmannsins og Íslandsfisks. Það standi kvartendum nær að sýna fram á tilvist þess, sem hafi ekki verið gert. Verði þeir að bera hallan af óskýleika í þeim efnum, enda hvíli skylda til gerðar ráðningarsamninga á vinnuveitendum.

Þá sé vægast sagt langsótt að byggja aðild Boðtækni að stjórnslumáli á þeim grunni að Íslandsfiskur hafi verið viðskiptavinur þess. Engin rökstuðningur eða gögn liggi því til grundvallar. Að mati Ice-co Foods leiðir ekkert í röksemdum kvartenda til þess að líta beri framhjá staðreyndum um aðild málsins. Vísað sé til fyrri sjónarmiða í því sambandi og sú krafa áréttuð að málinu verði vísað frá Neytendastofu.

Burtséð frá því hvort starfsmaðurinn teljist hafa verið starfsmaður Íslandsfisks, liggi fyrir að ekki hafi verið um atvinnuleyndarmál að ræða. Þó svo að verðupplýsingar og tilvist einstakra viðskiptavina geti talist til atvinnuleyndarmála, sé langur vegur frá því að svo sé á markaði fyrir útflutning á íslenskum fiski. Kvartendur hafi ekki hrakið þær staðreyndir um eðli markaðarins, viðskiptasamband og verðupplýsingar sem fram hafi komið í fyrri athugasemdum Ice-co Foods.



Þá sé því mótmælt að Hrd. 98/2009 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Þar hafi legið fyrir að viðkomandi einstaklingar, sem taldir voru brotlegir gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, hafi sannarlega verið starfsmenn þess fyrirtækis sem brotið hafi verið á. Þeir hafi starfað á grundvelli ráðningarsamnings og þegið laun frá viðkomandi fyrirtæki. Í kjölfar starfsloka hjá fyrirtækinu hafi aðilarnir stofnað sitt eigið fyrirtæki og nýtt þessar upplýsingar í eigin rekstri. Þessi grundvallaratriði skilji málin að.

Óháð eðli upplýsinganna hafi Ice-co Foods ekki hagnýtt sér þær, líkt og áskilið sé í 4. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Ice-co Foods telji ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um sjónarmið kvartenda í tengslum við uppsögn tékkneska fyrirtækisins á viðskiptasambandi við kvartendur. Meðfylgjandi bréfi þessu sé yfirlýsing umrædds félags, þar sem nákvæmlega sé farið yfir ástæður þess að viðskiptasambandinu lauk. Sjáist þar glögglega að ábyrgðin á því hvíli á herðum kvartenda sjálfra. Sé þar ekki við Ice-co Foods að sakast.

Þá geti Ice-co Foods ekki borið ábyrgð á því að starfsmaðurinn hafi boðið Varia Vis að koma í viðskipti við Ice-co Foods. Engin samskipti hafi átt sér stað við hollenska félagið, hvað þá nokkur viðskipti. Meðfylgjandi sé útprentun úr viðskiptamannabókhalda Ice-co Foods, þar sem fram komi nöfn viðskiptamanna í stafrófsröð. Eins og sjáist þá sé Varia Vis ekki þar á meðal.

Ice-co Foods telji sjónarmið kvartenda ekki hafa skýrt málatilbúnað þeirra með nokkrum hætti. Skortur á aðild Boðtækni að málinu og óskýrleiki um starfssamband starfsmannsins og Íslandsfisks hafi ekki verið útskýrður. Þrátt fyrir að starfsmaðurinn hafi aðstoðað Íslandsfisk í hjáverkum leiði það ekki til þess að hann teljist starfsmaður fyrirtækisins. Þetta hafi ekki verið starf hans og aðstoð hans geti ekki leitt til ábyrgðar hans eða Ice-co Foods að lögum.

Með bréfi þessu sé lögð fram greinargerð starfsmannsins í dómsmáli sem Boðtækni hafi höfðað gegn honum. Greinargerðin sé lögð fram með samþykki hans. Telji Ice-co Foods að hún geti varpað nokkru ljósi á málið út frá sjónarhóli hans. Allur réttur sé áskilinn til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum og gögnum, verði málinu fram haldið.

Að öðru leyti árétti Ice-co Foods fyrri sjónarmið og telji sýnt fram að félagið hafi ekki brotið gegn lögum nr. 57/2005. Því séu engar forsendur fyrir því að beita Ice-co Foods viðurlögum í formi sekta eða banna félaginu að eiga viðskipti við aðila, sem óski eftir því sjálfur.

#### 4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. nóvember 2017, tilkynnti stofnunin aðilum málsins að í ljósi þess að dómsmál væri rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness um sömu háttsemi og mál þetta varði, að nauðsynlegt væri að setja málið í bið, þar til úrlausn dómstóla lægi fyrir.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. júní 2018, tilkynnti stofnunin um lok gagnaöflunar málsins og að málið yrði tekið til ákvörðun, með vísan til þess að málið væri ekki lengur til meðferðar hjá dómstólum.



Með bréfum Neytendastofu, dags. 29. október og 21. desember 2018, var tilkynnt að tafir á afgreiðslu málsins væru fyrirsjáanlegar.

### **III. Niðurstaða**

#### **1.**

Mál þetta varðar kvörtun Boðtækni ehf. og Íslandsfisks Co. ehf. vegna meintrar hagnýtingar Ice-co Foods ehf. á atvinnuleyndarmálum. Í kvörtun segir að Ice-co Foods hafi fært sér í nyt atvinnuleyndarmál frá fyrrverandi starfsmanni kvartenda og núverandi starfsmanni Ice-co Foods og með því brotið gegn 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Í fyrsta lagi er vísað til tölvupósts frá félaginu Varia Vis sem hafi borist til starfsmannsins á netfang hans hjá Íslandsfisk, þar sem falast er eftir kaupum á fisk frá félaginu. Hann hafi í kjölfarið boðið Varia Vis að stofna frekar til viðskiptasambands við Ice-co Foods. Í öðru lagi er vísað til meðfylgjandi tölvupósta á milli hans og starfsmanna Ice-co Foods þar sem lagt er á ráðin að stela stærsta viðskiptafélagi Íslandsfisks, Icelandic fish s.r.o. Í þriðja lagi er vísað til þess að starfsmaðurinn hafi sent Ice-co Foods verð kvartenda og að í tölvupóstsamskiptum Ice-co Foods og hans er rætt um hvernig Ice-co Foods kæmi best út úr því að bjóða Icelandic fish s.r.o. aðeins lægri verð heldur en Íslandsfiskur hafi verið með. Þannig hafi Ice-co Foods hagnýtt sér beint atvinnuleyndarmál kvartenda með ólögnum hætti. Þess er krafist að Neytendastofa leggi stjórnvaldssekt á Ice-co Foods, sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005, og að Neytendastofa leggi bann við öllum viðskiptum Ice-co Foods við Icelandic fish s.r.o. ásamt dagsektum fari félagið ekki eftir banninu, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. og 23. gr. laga nr. 57/2005.

Í svörum Ice-co Foods hefur verið vísað til þess að hann hafi eingöngu fengið greidd laun frá Boðtækni og að ráðningarsambandið hafi einvörðungu verið við það félag. Kvartendur beri sönnunarbyrði fyrir því að ráðningarsamband hafi verið á milli starfsmannsins og Íslandsfisks. Ice-co Foods telji umræddar upplýsingar ekki fela í sér nokkur atvinnuleyndarmál í skilningi laganna. Því sé mótmælt að viðskiptasambönd, nöfn einstakra fiskkaupenda og tengiliða séu trúnaðarmál. Ice-co Foods hafi aldrei hagnýtt sér upplýsingar um tilvist hugsanlegs viðskiptavinar Íslandsfisks, Varia vis, þá áttu ekki nokkur viðskipti sér stað milli Ice-co Foods og Varia vis. Hvað varði Icelandic fish s.r.o. hafi öll samskipti Ice-co Foods við starfsmanninn vegna þeirra verið í þeirri trú að það hafi hætt í viðskiptum við kvartendur að eigin frumkvæði. Ice-co Foods telji að upplýsingar um verð á fiski til erlendra kaupanda teljist ekki atvinnuleyndarmál, þar sem þær séu opinberar.

#### **2.**

Ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:



*„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.*

*Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.*

*Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.*

*Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segir um 27. gr., sem er efnislega samhljóða nógildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að í ákvæðinu séu reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerta samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Þau leyndarmál sem ákvæðin feli í sér vernd á geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skrám yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þó fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti það. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti þó ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Gera verður þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggja í hlutarins eðli.

### 3.

Neytendastofa telur augljóst af öllum gögnum málsins að starfsmaðurinn hafi unnið fyrir hönd Íslandsfisks og að trúnaðarsamband hafi því verið á milli hans og félagsins. Í máli þessu er um að ræða upplýsingar um verð og viðskiptavinum sem teljast atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt ákvæðinu verður annað hvort krafa um leynd að hafa verið látin í ljós að hálfu fyrirtækis eða að það teljist liggja í hlutarins eðli. Í málinu hefur ekki komið fram um að Íslandsfiskur hafi krafist þess af starfsmanninum að hann færi með framangreindar upplýsingar úr rekstri félagsins sem atvinnuleyndarmál. Þá kemur til skoðunar hvort upplýsingarnar njóti verndar vegna þess að það liggja í hlutarins eðli. Við mat á því er litið svo á að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinga, gæti séð að honum hefði af eðlilegum ástæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundinn trúnaði um þær. Að mati Neytendastofu er ljóst að skynsamur maður hefði vitað að upplýsingar um verð, fyrirspurn um viðskipti frá félagi og sérstök þekking á viðskiptavinum sem starfsmaðurinn fékk í starfi sínu væru trúnaðarupplýsingar og að hann mætti ekki senda þær eða hagnýta þær á nokkurn hátt í samkeppni. Skilyrði þess að vernd samkvæmt 16. gr. c. verði virk eru því uppfyllt og upplýsingarnar njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.



Kvörtun Boðtækni og Íslandsfisks beindist aðeins gegn Ice-co Foods og er ljóst að fyrirtækið getur aðeins talist hafa brotið gegn ákvæði 4. mgr. 16. gr. c. Skilyrði þess að ákvæðið eigi við er að félagið hafi hagnýtt sér atvinnuleyndarmálin. Að mati Neytendastofu hefur ekki verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að Ice-co Foods hafi fært sér í nyt upplýsingar frá starfsmanninum um möguleg viðskipti við félagið Varia Vis. Gögn málsins bera þó með sér að Ice-co Foods hafi fært sér í nyt verðupplýsingar frá honum í samningsviðræðum við félagið Icelandic fish s.r.o. Auk þess hafi Ice-co Foods hagnýtt sér sérstaka þekkingu starfsmannsins á Icelandic fish s.r.o. sem hann öðlaðist í starfi sínu fyrir Íslandsfisk.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að Ice-co Foods hafi undir höndum trúnaðarupplýsingar Íslandsfisks og hafi notað þær í rekstri fyrirtækisins. Ice-co Foods hefur því brotið gegn 4. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 með þessari háttsemi.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Ice-co Foods ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýslulaga og aðstæðna eins og málum er hér háttað telur Neytendastofa að svo stöddu ekki ástæðu til að grípa til frekari aðgerða í málinu eða leggja stjórnvaldssekt á Ice-co Foods.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ice-co Foods ehf., Fornubúðum 5, Hafnarfirði, hefur með notkun atvinnuleyndarmála úr rekstri Íslandsfisks Co. ehf. brotið gegn ákvæði 4. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Ice-co Foods ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi tveimur vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“**

Neytendastofa, 2. apríl 2019

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir